

**Fundargerð 30. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
28. ágúst 2019 , kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Framkvæmdir: Fráveita: Útrás og hreinsistöð við Norðurgarð - 1806440

Vilhjálmur Ásgeirsson ráðgjafi hjá VSÓ, Einar Friðrik Brynjarsson verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði og Einar Jón Pálsson formaður framkvæmda- og skipulagsráðs sitja fundinn undir þessum dagskrárlið. Minnisblað frá VSÓ vegna málsins lagt fram.

Afgreiðsla:

Bæjarráð leggur áherslu á að framkvæmdir við útrás komist á framkvæmdastig á árinu 2019 í samræmi við samþykktu fjárfestingaráætlun.

2. Leikskólamál - 1901013

Minnisblað frá bæjarstjóra.

Afgreiðsla:

Minnisblað lagt fram.

Samþykkt að fela sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að vinna tillögu um staðsetningar sem koma til greina fyrir nýjan leikskóla í Sandgerði. Ítarlegri greinargerð verði lögð fram á næsta fundi bæjarráðs.

3. Heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum - 1905099

Viljayfirlýsing um samstarf sveitarfélaga á Suðurnesjum, Embættis landlæknis og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

Bæjarráð fagnar samstarfi um heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum.

4. Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs - 1908041

Ósk um framlag frá Suðurnesjabæ vegna nemendaverkefnis um uppgræðslu lands. Minnisblað frá verkefnisstjóra á skipulags- og umhverfissviði.

Afgreiðsla:

Minnisblað lagt fram.

Samþykkt að veita styrk til verkefnisins að fjárhæð kr. 400.000.

5. Grænbók um stefnu um málefni sveitarfélaga - 1905094

Afgreiðsla:

Bæjarráð Suðurnesjabæjar leggur áherslu á að þeim sveitarfélögum sem takast á við sameiningar sé tryggður nægjanlegur fjárhagslegur stuðningur til að takast á við þau víðfemu og kostnaðarsömu verkefni sem slíku fylgir.

6. Unicef á Íslandi - hvatning um heildstætt og samræmt verklag - 1905067

Erindi frá UNICEF á Íslandi.

Afgreiðsla:

Erindið lagt fram.

Samþykkt að vísa málinu til umfjöllunar í fjölskyldu-og velferðarráði.

7. Málþing og ráðstefnur - 1903032

Skólaþing sveitarfélaga 4. nóvember 2019 - Á réttu róli?

Afgreiðsla:

Samþykkt að vísa málinu til kynningar í fræðsluráði. Kjörnir fulltrúar sem hafa tök á eru hvattir til að sækja skólaþingið. Þá eru þeir stjórnendur sem koma að skipulagi skólustarfs hvattir til þess að sækja þingið.

8. Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga - 1907032

Dagskrá landsfundar um jafnréttismál.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

Fulltrúar Suðurnesjabæjar munu sækja landsfundinn.

9. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum - 1908052

Tilkynning um aðalfund SSS 13. - 14. september 2019.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

10. Forkaupsréttur fiskiskipa - 1903011

Borist hafa kauptilboð í fiskiskipin Sigurfara GK-139 og Stein HU-45. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða á sveitarfélagið forkaupsrétt við sölu skipanna. Skipin verða seld án veiðiheimilda.

Afgreiðsla:

Samþykkt að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti vegna sölu skipanna.

11. Grindhvalir í fjöru við Útskálakirkju - 1908010

Minnisblað frá bærarstjóra og sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs.

Afgreiðsla:

30. fundur bæjarráðs
29.08.2019

Samþykkt að ganga frá uppgjöri við Björgunarsveitina Ægi samkvæmt tillögu í minnisblaði.

Fundi slitið kl. 16:45.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir
